



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

## **VATNSFELLSVIRKJUN**

Jarðlaga- og grunnvatnsrannsóknir 1984

Björn Jónasson, Pétur Pétursson,  
Ingibjörg Kaldal, Snorri P. Snorrason  
og Jón Ingimarsson

OS-86076/VOD-22 B

Desember 1986



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr.: 860.1

## **VATNSFELLSVIRKJUN**

Jarðlaga- og grunnvatnsrannsóknir 1984

Björn Jónasson, Pétur Pétursson,  
Ingibjörg Kaldal, Snorri P. Snorrason  
og Jón Ingimarsson

OS-86076/VOD-22 B

Desember 1986



86 12 19

VOD/330/8601/BjJ

Landsvirkjun  
Verkfræðideild  
Háaleitisbraut 68  
108 Reykjavík


Varðar skýrsluna: Vatnsfellsvirkjun. Jarðлага- og grunnvatns-  
rannsóknir 1984, OS-86076/VOD-22 B.


Skýrsla þessi er unnin samkvæmt samningi milli Landsvirkjunar og Orku-  
stofnunar, sem undirritaður var 6. júní 1984. Verk þetta er beint  
framhald fyrri rannsókna vegna Vatnsfellsvirkjunar, sem staðið hafa  
yfir frá árinu 1981.


Hér er fjallað um rannsóknir fyrir verkhönnun sem Orkustofnun, Vatns-  
orkudeild annaðist vegna Vatnsfellsvirkjunar og framkvæmdar voru  
1984. Rannsóknir fólust einkum í kortlagningu jarð- og berggrunns með  
sérstakri áherslu á stíflu- og lónsstæði, borun kjarna- og sýnatöku-  
hola í föst og laus jarðlög, borun cobrahola og dæluholu, gerð  
könnunargryfja ásamt dæluþrófun á stöðvarhússtæði og ýtarlegum grunn-  
vatnsmælingum. Í lokakafla er að finna helstu niðurstöður og  
ályktanir varðandi rannsóknir þessar svo og umfjöllun um viðbótar-  
rannsóknir sem til greina koma ásamt undirbúningi fyrir útboð.

Hluti þessara rannsókna flokkast til rannsókna fyrir útboð. Meta þarf  
nánar í ljósi endanlegrar hönnunar mannvirkja að hve miklu leyti  
ástæða er til frekari rannsókna varðandi útboðsstigið.

Virðingarfyllst,

  
Haukur Tómasson

  
Birgir Jónsson

  
Björn Jónsson

## EFNISYFIRLIT

	bls.	
1	INNGANGUR	5
	1.1 Almennt	5
	1.2 Tilgangur	8
	1.3 Framkvæmd	8
2	JARÐFRÆÐI OG JARÐLAGASKIPAN	10
	2.1 Jarðlög á lónstæði	10
	2.1.1 Almennt	10
	2.1.2 Berggrunnur	15
	2.1.3 Jarðgrunnur	15
	2.1.4 Vatnsleiðni	19
	2.2 Skipan og gerð jarðlaga á mannvirkjastæðum	20
	2.2.1 Almennt	20
	2.2.2 Stöðvarhússtæði og pípuleið	21
	2.2.3 Lokuvirki og aðrennslisskurður	25
	2.2.4 Stíflustæði (Sigöldumyndun)	26
	2.2.5 Frárennslisskurður	33
	2.2.6 Skil Sigöldu- og Lænufellsmýndana	33
3	EIGINLEIKAR JARÐLAGA	36
	3.1 Jarðlög og berggerðir	36
	3.2 Eiginleikar og vinnsluhæfni	37
4	GRUNNVATNSMÆLINGAR	46
	4.1 Almennt	46
	4.2 Grunnvatnshæð	46
	4.3 Grunnvatnshiti	49
5	MAT Á LEKT JARÐLAGA Á STÖÐVARHÚSSTÆÐI	51
	5.1 Forsaga og markmið	51
	5.2 Framkvæmd	51
	5.3 Úrvinnsla	52
	5.4 Niðurstöður og ályktanir	53
6	SAMANTEKT	54
	6.1 Helstu niðurstöður og ályktanir	54
	6.2 Framhald rannsókna og undirbúningur	57

## VIÐAUKAR

1	Skrá yfir skýrslur og greinargerðir Orkustofnunar um rannsóknir á Vatnsfellsvirkjun	59
2	Gryfjulýsingar VH-2 til VH-51	63
3	Borholusnið VK-16 til VK-23 og VC-200 til 240	73
4	Berg- og kornastærðargreining úr VS-holum	81
5	Hnit, hæðir og dýpi borhola og gryfja	93
6	Grunnvatnshæð í borholum	99
7	Hitamælingar í borholum	107



## MYNDASKRÁ

- 1 Afstöðumynd
- 2 Virkjunartilhögun
- 3 Jarðfræðikort
- 4 Jarðfræði á lónstæði
- 5 Staðsetning gryfja
- 6 Gryfjur á lónstæði
- 7 Yfirlitsmynd, staðsetning kjarna- og sýnatökuhola
- 8 Staðsetning kjarnahola, tilhögun mannvirkja og lega jarðlagasniðs A-A´
- 9 Jarðlagasnið A-A´
- 10 Rissmynd af gryfju VH-1
- 11 Staðsetning Cobrahola og jarðlagasniða á svæði frárennslisskurðar
- 12 Jafnhæðarlínur á "fast" á leið frárennslisskurðar samkvæmt Cobraholum
- 13 Jarðlagasnið B-B´ á leið frárennslisskurðar
- 14 Jarðlagasnið C-C´ til J-J´ á leið frárennslisskurðar
- 15 Staðsetning gryfju á skilum Sigöldu- og Lænufellsmyndana
- 16 Jarðlagasnið af gryfju á skilum Sigöldu- og Lænufellsmyndana
- 17 Staðsetning borhola við sunnanvert Þórisvatn
- 18 Grunnvatnshæð í völdum borholum við sunnanvert Þórisvatn
- 19 Grunnvatnsborð milli Þóris- og Fellsendavatna

## TÖFLUR


- 1 Kjarnaheimta á stöðvarhússtæði og pípuleið
- 2 Kjarnaheimta á svæði lokuvirkis, aðrennslisskurðar og stíflustæðis í Lænufellsmyndun
- 3 Kjarnaheimta á stíflustæði í Sigöldumyndun
- 4 RQD10 á stöðvarhússtæði og pípuleið
- 5 RQD10 og kjarnaheimta á stæði aðalstíflu
- 6 RQD10 og kjarnaheimta í "berggrunnshluta" frárennslisskurðar
- 7 Niðurstöður dæluprófana á stöðvarhússtæði

# 1 INNGANGUR

## 1.1 Almennt

Skýrsla þessi fjallar um rannsóknir jarðlaga og grunnvatns, sem gerðar voru árið 1984 á svæði áætlaðrar Vatnsfellsvirkjunar, sjá mynd 1. Hér er um að ræða beint framhald á rannsóknum ársins 1983, sbr. rannsóknaráætlun í skýrslunni "Vatnsfellsvirkjun. Jarðfræði- og grunnvatnsrannsóknir 1983, OS-84010/VOD-05 B". Vatnsorkudeild (VOD) hefur kannað jarðfræðilegar aðstæður á svæðinu frá árinu 1981 í samráði við Hönnun hf. og Landsvirkjun. Gerðar hafa verið breytingar á tilhögun virkjunarinnar miðað við það fyrirkomulag sem sett var fram í frumhönnunarskýrslu frá júlí 1983, sjá mynd 2.

Með þessum rannsóknaráfanga og núverandi tilhögun mannvirkja er rannsóknum fyrir verkhönnun lokið, en lítilsháttar viðbótarrannsóknir eru nauðsynlegar áður en kemur að gerð útboðsgagna.





Rannsóknir þær sem hér verður fjallað um skiptast í eftirfarandi þætti.:

1. Kortlagningu jarð- og berggrunns með sérstakri áherslu á stíflu- og lónstæðið varðandi þéttleika (lekt) jarðlaga.
2. Borun kjarna- og sýnatökuhola í föst og laus jarðlög ásamt greiningu á bergi og lausum sýnum. Cobraborun til að kanna þykkt lausra yfirborðslaga á svæði frárennslisskurðar og borun einnar dæluholu.
3. Könnunargryfjur á lónstæði, einkum grafnar með um 40 tonna gröfu (Komatsu PC400). Jarðýtur unnu við gröft stórrar gryfju á skilum móbergsmyndana á stíflustæði (Komatsu D155A) og við bergristu-prófanir á bólstrabergi (D9L), sbr. skýrslu VOD, OS-85004/VOD-01 B.
4. Mat á lekt jarðlaga á stöðvarhússtæði með dæluprófun í þar til gerðri borholu.
5. Mjög ýtarlegar mælingar á grunnvatni í borholum.

Vinnsluprófanir á bólstrabergi í Sigöldumyndun vestan við stíflustæðið var gerð með Caterpillar jarðýtu með riftönn (D9L), sbr. skýrsluna OS-85004/VOD-01 B.

Áætluð var leit að síuefni við Þórisvatn, en vegna hárrar vatnsstöðu varð að fresta henni. Jafnframt var nákvæmniskönnun á mórenu sem næst fyrirhugaðri virkjun frestað, en fyrri athuganir á svæðinu vestan í rótum Vatnsfells gefa tilefni til einhverrar bjartsýni þar að lútandi.

Töluvert var unnið með jarðýtum við gröft og mótun á frárennslisskurði í tengslum við vatnsskolun og fram haldið frekari dýpkun með riftönn á Hafti IV, en það er neðsta móbergshaftið í Vatnsfells-skurðinum. Þokaðist það verk í rétta átt og reyndist "fasta" efnið vinnsluhæft með stórri ýtu. Framvegis verður að leggja aðaláhersluna á losun bergs í þessu hafti svo og tunguhöftum (rönum) sem ganga út í norðvesturbakka skurðar, út úr móbergshálsi Sigöldumyndunar, til að fá betri stýringu fyrir vatnsgröftinn. Öflug grafa með löngum gröfuarma, rifskóflu og tönn, sem gæti grafið meðan vatnsrennslí er í skurði, væri líkast til mjög heppileg til þessa verks, en leggja verður áherslu á að ná þröskuldinum niður í kringum Haft IV.

Landsvirkjun (LV) hefur mælt árangur þessara framkvæmda en hönnunar- aðilar önnuðust einkum umsjón með greftri í samvinnu við LV.

## 1.2 Tilgangur

Markmið þessa rannsóknaráfanga var fyrst og fremst að leita svara við þeim spurningum sem fram voru settar í rannsóknarskýrslu fyrir verkhönnun, sbr. OS-84010/VOD-05 B. Þær breytingar sem áttu sér stað á tilhögun virkjunarinnar frá því sem áður var ráðgert kölluðu á viðbótarrannsóknir, sbr. verkhönnunarskýrslu Virkis hf frá júní 1984. Þannig var stefnt að því að fylla upp í allflestar þekkingareyður fyrir þá tilhögun, sem nú er komin á útboðsstig. Megináherslan var því lögð á nákvæmnisskoðun einstakra þátta þar sem hin almenna yfirlitsmynd var vel þekkt og hefur lítið breyst í ljósi þeirra upplýsinga og túlkunar sem fram voru settar í kjölfar rannsókna ársins 1983.

Aðaláherslan var lögð á stíflu- og lónstæði þar sem leitast var við að meta vatnsleiðni jarðlaga, nákvæmnisathugun varðandi jarðlag á stöðvarhússtæði og lekt jarðlaga þar svo og gerð og eiginleika lausu jarðlaganna í sandlægð frárennslisskurðar ásamt fyllri mynd af legu berggrunns. Þar sem borholur eru nú orðnar margar á virkjunarsvæðinu voru gerðar ýtarlegar mælingar í þeim til að fá sem besta mynd af grunnvatnsfari og er lítið á að þeim þætti hafi nú verið gerð það góð skil, að framvegis sé aðeins nauðsynlegt að mæla í völdum holum í samræmi við mælingar LV á öllu Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. LV annast grunnvatnsmælingar samkvæmt áætlun sem lá fyrir í árslok 1984.

## 1.3 Framkvæmd

Rannsóknir á vettvangi hófust 4. júní 1984 og stóðu nær samfelld yfir fram í byrjun október eða í 4 mánuði. Meginþunga rannsókna lauk þó um miðjan september. Verulega var dregið úr rannsóknum frá miðjum júlí og fram yfir frídag verzlunarmanna vegna orlofs starfsmanna. Þó var framhaldið dæluþrófun, grunnvatnsmælingum og greftri á gryfju á myndanaskilum á stíflustæði. Endanlegum frágangi á svæðinu lauk nákvæmlega fjórum mánuðum eftir verkbyrjun nema hvað unnið var að bergristuprófi í bólstrabergi þann 26. október með jarðýtu af Caterpillar gerð (D9L) í eigu Suðurverks.

Unnið var að nákvæmniskortlagningu á svæðinu til könnunar á jarð- og berggrunni og í því sambandi notast við öflug graftartól. Grafnar voru 52 gryfjur með um 40 tonna beltagröfu. Við gröft á stærstu gryfjunni á myndanaskilum var jarðýta notuð til verksins en grafan lauk við hana.

Boraðar voru 8 kjarnaholur (VK-16 til VK-23), samtals 390 m, 2 sýna-tökuholur (VS-1 og VS-2), alls um 30 m og 1 dæluhola (VD-1), 48 m djúp. Kjarnagreining, gerð borholusniða svo og ljósmyndun og frá-gangur kjarnans var unnin á staðnum. Alls voru tekin um 40 hreyfð sýni með snigilsýnataka úr VS-holunum á fyrirhugaðri leið frá-rennslisskurðar. Samhliða sýnatakanum var boruð niður fóðring og tókst þessi frumraun mjög vel. Sýnin voru berg- og kornastærðargreind á Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, sbr. rannsókn nr. H84/66 og H85/66 dags. 22. feb. 1985.

Dæluhola á stöðvarhússtæði var boruð með hjólakrónu og lofti. Byrjað var með 15" hjólakrónu, en megnið borað með 12 1/4". Efstu 8 m voru fóðraðir með 14" en með 10 3/4" niður á 44,5 m dýpi. Að lokum voru settir niður 4 m af 10" sigtISRörum, 8" borholudæla og 5" dælurör niður á 44,5 m dýpi.

Cobraborað var á leið fyrirhugaðs frárennslisskurðar til könnunar á legu berggrunns í hlíðum Sigöldumyndunar, nánar tiltekið í norðvestur-bakka frárennslisskurðar. Boraðar voru 41 hola, alls um 295 m.

Töluverð áhersla var lögð á að meta lekt jarðlaga: Á fyrirhuguðum lónbotni með kortlagningu jarðlaga og gryfjugerð, á stöðvarhússtæði með dæluprófun og með ýtarlegum grunnvatnsmælingum í tengslum við stöðu vatnsborðs í Þórisvatni, Krókslóni og við rennsli í Vatnsfells-skurði.

Mat á eiginleikum og vinnsluhæfni jarðlaga var fram haldið, sbr. gryfjugróft, boranir, dýpkun á farvegi Vatnsfellsskurðar o.fl. Vinnsluprófanir á bólstrabergi Sigöldumyndunar voru gerðar, sbr. OS-85004/VOD-01 B.

Jarðýtur og grafa unnu að mótun og dýpkun væntanlegs frárennslis-skurðar í tengslum við vatnsskolun úr Þórisvatni.



## 2 JARÐFRÆÐI OG JARÐLAGASKIPAN

### 2.1 Jarðlög á lónstæði

#### 2.1.1 Almennt

Berggrunnur virkjunarsvæðisins skiptist í þrjár gosmóbergssmyndanir: Lænufellssmyndun, Sigöldumyndun og Vatnsfellssmyndun, sjá jarðfræðikort á mynd 3. Lænufellssmyndun er elst, nær dílalaus og víða þakin setmóbergi (jökulbergi) í lægðum. Túff/túffbreksía er mest áberandi en myndunin er samsett úr ýmsum móbergsásýndum. Sigöldumyndun er yngri og liggur á kafla upp að Lænufellssmyndun. Smádílótt bólstrabreksía og bólstraberg eru mest áberandi. Vatnsfellssmyndun er einkum samsett úr bólstrabreksíu og bólstrabergi, sem er stakdílótt. Myndun þessi er svo til öll utan fyrirhugaðra mannvirkjastæða.

Berggrunnur lónsvæðisins er að mestu úr túffi, túffbreksíu eða bólstrabergi, sjá mynd 4. Ofan á berggrunninum eru víða allþykk laus jarðlög. Þau skiptast í gjóskublandaðan foksand, hreina gjósku og jökulruðning eða jökulberg. Auk þess er árset í farvegi Vatnsfellskurðar. Áhersla var einkum lögð á að kanna útbreiðslu þétts jökulruðnings.


Í Vatnsfellsskurðinum eru víðast nokkuð góðar opnur í berggrunn og auk þess er töluvert af bergkollum á lónstæðinu. Til þess að fylla upp í myndina voru grafnar um 50 gryfjur á lónstæðinu og þær mældar upp, sjá mynd 5. Reynt var að grafa niður úr foksandinum og gjóskunni til að kanna hvar jökulruðningur er ofan á berggrunninum. Víða eru þessi setlög það þykk að grafan réð ekki við að grafa niður úr þeim. Á þeim svæðum vantar því upplýsingar um það hvort þéttur jökulruðningur er ofan á berggrunninum, sem er meira vatnsleiðandi, og eins hver berggrunnurinn er.

Hringsnið af gryfjunum eru sýnd á mynd 6. Þar gefur að líta yfirlit yfir skiptingu lausu jarðlaganna á lónstæðinu. Það er einkum á tveimur svæðum sem ekki fengust viðunandi upplýsingar. Þar eru foksandurinn og gjóskan meira en 8 m þykk, en það er hámarksdýpi sem grafan nær við þessar aðstæður. Lýsingar á gryfjunum eru í viðauka 2.








# VATNSFELL - LÆNUFELL

Jarðfræðikort













**SKÝRINGAR:**

-  Vatnsfellsmyndun  
túff/túffbreksía/bólstra-/kubbaberg
-  Sigöldumyndun  
túff/túffbreksía/bólstra-/kubbaberg
-  Lænufellismyndun  
túff/túffbreksía/bólstra-/kubbaberg
-  Jökulruðningur, jökulberg  
eða set-móberg
-  Brotalína





SKÝRINGAR:

- |   |   |   |  |
|---|---|---|--|
|  | Vatnsfellsmyndun / túff                 |  | Lænufellsmýndun / túff                     |
|  | Vatnsfellsmyndun / bólstraberg          |  | Lænufellsmýndun / túffbreksía -illa samlið |
|  | Sigöldumýndun / túff                    |  | Lænufellsmýndun / bólstraberg              |
|  | Sigöldumýndun / tuffbreksía-illa samlið |  | Jökulruðningur eða jökulberg               |
|  | Sigöldumýndun / bólstraberg             |   |  |



# VATNSFELLSVIRKJUN

Jarðfræði á lónsstæði





### 2.1.2 Berggrunnur

Berggrunnur á virkjunarsvæðinu er sýndur á mynd 3 og nánar á lónstæðinu á mynd 4. Lónstæðið er að mestu á tveimur gosmyndunum, Lænufellsmyndun og Sigöldumyndun. Vatnsfellsskurður er að mestu grafinn í Sigöldumyndun frá lokuvirki við Vatnsfell og niður fyrir Haft III, sjá mynd 3. Lænufellsmyndun sést í suðurbakkanum á kafla sitt hvoru megin við stíflustæðið og neðst í Hafti III, þar sem hún stingst undir Sigöldumyndun. Myndunum er skipt í þrennt eftir bergásýnd; túff, breksíu og bólstraberg. Á myndinni er einnig sýnd útbreiðsla jökulbergs. Skipting þessi er heldur ónákvæm eins og oft vill verða þegar móberg er annars vegar, en sýnir þó megineinkenni hverrar einingar.

**Túff:** Túffið á svæðinu er hálf samlímt og víða eru í því grófar linsur, en það er þó samilega þétt. Túffið er mjög líkt "jökulberginu" á túffsvæðinu og því oft erfitt að greina þar á milli og vatnsleiðnin er mjög svipuð.

**Breksía:** Breksía er útbreidd á lónstæðinu. Hún er svört að lit og lítt ummynduð. Breksían veðrast fremur hratt og er oftast hulin lausu seti nema þar sem vatnið í veituskurðinum hefur náð að skola því á brott. Upplýsingar um útbreiðslu breksíunnar er því einkum að finna í gryfjunum. Þar er hún frekar fínkorna og jafnkorna og stendur vel. Vatnsleiðni breksíunnar er líkast til nokkru meiri en túffsins en talsvert minni en bólstrabergsins.

**Bólstraberg:** Bólstraberg á lónstæðinu er að finna í veituskurðinum einkum á skurðbotninum. Þar skiptast á kubbabergseitlar, bólstraberg og bólstrabreksía. Næst stíflustæðinu liggur siltríkt og ósamfellt jökulberg ofan á bólstraberginu. Bólstraberg sem tilheyrir Sigöldumyndun nær samfellt frá Hafti III neðan síflustæðis og talsvert upp eftir skurðinum, að Hafti II. Bólstrabergið er lekasti hluti berggrunnssins.

### 2.1.3 Jarðgrunnur


Lausum jarðlögum á lónstæðinu má skipta í 4 meginflokka: Foksand, gjóska, jökulruðning eða jökulberg og árset, sjá mynd 6.

**Gjóska:** Á þetta svæði hafa fallið kynstrin öll af gjóska, einkum frá Vatnaöldugosinu kringum árið 900 og frá Veiðivatnagosinu kringum árið 1480. Þessa gjóska má víða finna í upprunanlegu ástandi á lónstæðinu, sjá gryfjulýsingar í viðauka 2. Vatnaöldugjóska er sendin,

# VATNSFELLSVIRKJUN

Staðsetning gryfja


Mynd 5



VOD - JK - 860 - IK  
85.04 - 0582 - T / Gybb








SKÝRINGAR:

-  Árset
-  Foksandur
-  Gjóska eða mjög gjóskuríkur sandur

-  Jökulruðningur eða jökulberg
-  Móbergstúff eða breksía
-  Bólstraberg

gryfjunr.



Hringsnið af gryfju  
4m í hverjum hring.  
Grunnlína miðast  
við yfirborð.

VATNSFELL SVIRKJUN

Gryfjur á lónsstæði



aðallega meðal- og fínsendin, með stökum kornum af malarstærð. Hún er grænbrún að lit. Veiðivatnagjóska er aftur á móti mun grófari, aðallega fín og meðalgróf möl, og blá- og rauðsvört á lit. Gjóska er létt í sér og fýkur auðveldlega og myndar því meginuppistöðu í foksandinum.

**Foksandur:** Foksandurinn er fínkorna, oft blandaður mélu (moldar-litaður). Meginuppistaða foksins er fínkorna gjóska, en einnig er töluvert af grófari gjósku af grófsands- og malarstærð. Foksandurinn á þessu svæði er því grófkornaðri en foksandur utan gosbeltanna. Hann er oftast töluvert lagskiptur og eru víða linsur af svo til hreinni gjósku af malarstærð.

**Jökulruðningur og jökulberg:** Útbreiðsla jökulruðnings er sýnd á mynd 3. Jökulruðningurinn er yfirleitt fremur fínefnaríkur og þéttur, en í honum er töluvert af linsum úr gjóskuríkum svörtum sandi. Ruðningurinn er víðast orðinn allharður, nánast að jökulbergi, svo að grafa vinnur illa á honum. Ofan á breksíunni mátti í nokkrum gryfjum sjá lag, sem helst mátti kalla hrærða breksíu. Greinilegt er að jökull hefur rótað henni til og núið steina. Þar sem eiginleikar þess eru gjörólíkir eiginleikum ruðningsins, er vafasamt að kalla þetta set jökulruðning. Svipað má t.d. sjá ofan á bólstrabergi í kjafti Hafts III, þar sem lag af velktum og núnum bólstrabrotum í malar- og sandmassa liggur á berginu.

**Árset:** Þessi setgerð er einungis í veitufarveginum. Hún er að mestu möl og steinar allt að 0,5 m í þvermál, ættaðir úr Hafti II. Ársetið er grófast næst Hafti II en verður fínna er neðar dregur.

#### 2.1.4 Vatnsleiðni

Berggrunnur á lónstæðinu er sýndur á mynd 4. Einnig er á sömu mynd reynt að gefa hugmynd um þau svæði þar sem þéttur jökulruðningur eða jökulberg er ofan á berggrunninum. Merktir eru þeir staðir þar sem vitað er um jökulruðning með vissu (upplýsingar úr gryfjum og sniðum í bakka veitufarvegarins) og reynt að ráða í eyðurnar.

Í Hafti III neðan við stíflustæðið sést að Sigöldumyndun liggur á Lænufellsmýndun og er jökulberg á milli. Ástæða er því til að ætla að þau jarðlagamót séu sámlaga þétt, að minnsta kosti við stíflu-stæðið.

Bólstraberg Sigöldumyndunar er vel vatnsleiðandi. Vatn í skurðinum á greiða leið að bólstraberginu þar og eftir því undir stíflustæðið og fram í lindirnar í skurðinum neðst í Hafti III. Jökulbergið sem er ofan á bólstraberginu næst stíflustæðinu dregur úr leka þar og lengir lekaleiðina talsvert. Leki um bólstraberg Lænufellsmyndunnar verður tæplega mikill, því vatn úr lóninu á ekki greiðan aðgang að því. Aðeins ein opna hefur fundist í það ofan við stíflustæðið en hún er lítil.


Aðrir hlutar berggrunnsins (túff og túffbreksía) eru mun þéttari og auk þess oft huldir þykku lagi af lausum jarðlögum. Því er ekki að vænta, að umtalsverður leki verði undir væntanlega stíflu um þessi jarðlög. Aftur á móti verður um að ræða einhvern leka sem kemur fram á stöðvarhússtæði, og á rætur að rekja til leka úr lóninu og um þessi lög.

## 2.2 Skipan og gerð jarðlaga á mannvirkjastæðum

### 2.2.1 Almennt


Boraðar voru 8 kjarnaholur á svæði Vatnsfellsvirkjunar, sjá staðsetningarkort á myndum 7 og 8 og borholusnið í viðauka 3. Meginmarkmið þeirra borana var að fá gleggri mynd af jarðlagaskipan, m.a. vegna breyttrar tilhögunar mannvirkja. Nú er gert ráð fyrir að fyrirhugað stöðvarhús standi nokkru norðar en áður var áætlað og að frárennslisskurður liggi upp að bólstrabergshrygg Sigöldumyndunar. Í því skini voru boraðar 3 holur á nýja stæðinu, VK-17, 18 og 19. Holur VK-16 og 21 voru boraðar við fyrirhugað lokuvirki og aðrennslisskurð og VK-22 og 23 á stíflustæði aðalstíflu. Á fyrirhugaðri leið frárennslisskurðar voru boraðar kjarnaholan VK-20 svo og holurnar VS-1 og 2 ásamt 41 cobraholu (VC-200 til VC-240). Auk kjarnaborana var m.a. grafin mikil gryfja á mótum Sigöldu- og Lænufellsmyndana og gaf hún góðar upplýsingar um jarðlagaskipan og legu myndanaskila.

Hér á eftir verður aðallega fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á túlkun í tengslum við þau margvíslegu viðbótargögn, sem aflað var á hinum mismunandi svæðum fyrirhugaðrar virkjunar. Er því vísað til rannsókna á svæði Vatnsfellsvirkjunar frá árinu 1983 til hliðsjónar, sjá skýrslu OS-84010/VOD-05 B.





### 2.2.2 Stöðvarhússtæði og pípuleið

Á stöðvarhússtæði og pípuleið voru boraðar 3 kjarnaholur, sjá mynd 8. Mörkin milli lausra jarðlaga og setmóbergs eru í um 505 m y.s. á stöðvarhússtæðinu í holu VK-18 sjá nánar jarðlagasnið á mynd 9 og stöðvarhús og pípuleið í kafla 3.2 . Í VK-19 er yfirborð setmóbergsins í 523 m y.s. eða í svipaðri hæð og í VK-19. Setmóbergið er misþykkt samkvæmt kjarnagreiningu en þykktir þarf að taka með fyrirvara á þessum slóðum, sbr. fyrrnefnda tilvísun. Það kemur þó ekki að sök vegna skilanna setmóberg og túff/túffbreksía vegna þess að eiginleikar þessara jarðlaga eru svipaðir að flestu leyti. Túffið/túffbreksían nær mun neðar í VK-17 og VK-18 en í VK-2, VK-4 og VK-5 eða niður fyrir 465 m y.s. Á stöðvarhússtæðinu munu því öll mannvirki verða grunduð á setmóbergi og túff/túffbreksíu, en botn dælubrunns er áætlaður 478 m y.s., sem er jafnframt lægsti punktur í stöðvarhúsi.



Mynd 8

**VATNSFELLSVIRKJUN**  
Staðsetning kjarnahola, tilhöfgun mann-  
virkja og lega jarðlagasniðs



- SKÝRINGAR**
- △△△ Foksandur/hnullungamöl
  - △△△ Jökulruðningur
  - ▨▨▨ Túff/túffbreksía
  - ▨▨▨ Bölstrabreksía
  - ○ ○ Bölstra-/kubbaberg
- } Sigöldu- myndun

- ▨▨▨ Setmoberg/jökulruðningur-berg
  - ▨▨▨ Túff/túffbreksía
  - ▨▨▨ Bölstrabreksía
  - ○ ○ Bölstra-/kubbaberg
- } Lænufell- myndun

- Grunnvatnsborð 8/9 1984
- b Borhola
- └ Borholusnið
- Tengilína lagamóta
- ? Óviss lagmót

Mynd 9

VOD-MJ-856 PP/GHV  
 85.05.0644 T

VATNSFELLSVIKJUN  
 Jarðlagasnið A-A


Í VK-19, sem er neðarlega á fyrirhugaðri pípuleið, er túff/túffbreksía frá 506 m y.s. og a.m.k. niður fyrir 471 m.y.s. Að öllum líkindum kemur bólstrabreksía ekki við sögu á pípuleið, en gæti stungið sér upp við inntak, sbr. VK-3. Í töflunni hér á eftir er tekin saman kjarnaheimta og heildarbormetrar fastra jarðlagagerða á stöðvarhússtæði og pípuleið.

TAFLA 1 Kjarnaheimta á stöðvarhússtæði og pípuleið  
(byggt á VK-1, 2, 4, 5, 7, 14, 17, 18 og 19)

Setmóberg	alls 126,4 m,	kjarnaheimta 71,4%
Túff/túffbreksía	alls 161,4 m,	kjarnaheimta 82,7%
Bólstrabreksía	alls 33,1 m,	kjarnaheimta 14,1%

### 2.2.3 Lokuvirki og aðrennslisskurður

Á svæði lokuvirkis og aðrennslisskurðar voru boraðar kjarnaholurnar VK-16 og VK-21, sjá mynd 8. Megintilgangurinn var að kanna hvort bólstraberg og/eða kubbaberg væri þar, en kubbabergsbrot eru á víð og dreif á yfirborði. Það er skemmst frá því að segja, að í báðum holunum sem eru rúmlega 40 og 60 m djúpar, er túff/túffbreksía. Í þeirri dýpri (VK-16) verður breyting á um 44 m dýpi, sjá mynd 9 og kafla 3.2. Það er sama með þessar holur og VK-13, að lítill kjarni náðist enda er túffið svart og nánast óummyndað og því lítt samlímt.



Mynd 10



Til stuðnings kjarnagreiningu var m.a. grafin u.þ.b. 7 m djúp gryfja á milli holanna til nánari könnunar á undirlagi kubbabergsdreifarinnar. Í ljós kom að um litla bergganga er að ræða, sem virðast ekki hafa neina ákveðna stefnu en liggja því sem næst lóðréttir í túffinu. Líklega hafa þeir troðist upp í gegnum Lænufellsmyndunina í lok goshrinunnar, þegar upphleðslan átti sér stað, sjá mynd 10.

Auðveldlega gekk að grafa túffið með gröfunni Komatsu PC400, en gangurinn grófst heldur hægar. Staðni gryfjuveggjanna var góð, þó var lítilsháttar hrun úr ganginum.

Hér á eftir fer tafla sem sýnir kjarnaheimtu og heildarbormetra jarðlaga (gosbergs) í aðrennslisskurði, lokuvirki og þeim hluta stíflustæðis sem tilheyrir Lænufellsmyndun.

TAFLA 2 Kjarnaheimta á svæði lokuvirkis, aðrennslisskurðar og stíflustæðis í Lænufellsmyndun (byggt á VK-3, 11, 12, 13, 16 og 21)

Túff/túffbreksía	alls	188,2 m, kjarnaheimta	16,5%
Bólstraberg/breksía	alls	43,3 m, kjarnaheimta	29,4%

#### 2.2.4 Stíflustæði (Sigöldumyndun)

Á stíflustæði í Sigöldumyndun var boruð holan VK-22, sjá mynd 8. Kjarnaheimta var mjög lítil og því eru mörkin túffbreksía og bólstrabreksía óviss. Holan styður fyrri túlkun í öllum meginatriðum, en lagmót eru neðar en áætlað var í ljósi fyrri rannsókna, sjá jarðlagasnið á mynd 9. Tafla 3 sýnir kjarnaheimtu og heildarbormetra jarðlaga (gosbergs) á stíflustæði í Sigöldumyndun.


TAFLA 3 Kjarnaheimta á stíflustæði í Sigöldumyndun (byggt á VK-6, 9, 10 og 22)

Túff/túffbreksía	alls	18,5 m, kjarnaheimta	9,1%
Bólstrabreksía	alls	12,1 m, kjarnaheimta	4,3%
Bólstra-/kubbaberg	alls	54,4 m, kjarnaheimta	53,5%


1E VOD MJ 860 PP  
85 04 0563 T

# VATNSFELLSVIRKJUN

Staðsetning cobrahola og jarðlagasníða á svæði frárennisskurdar





VE VOD-MJ-860.PP  
85.05.0699.SyJ



VATNSFELLSVIRKJUN  
Jafnhæðarlinur á "fast" á leið  
frárenslisskurðar skv. cobraholum









Mynd 12



- SKYRINGAR
- Aðallega foksandur
  - Líklegast jökul- eða móberg
  - c Cobrahola
  - b Borhola
  - Borholusnið
  - Tengilína lagamóta
  - Aætlaður skurðbotn

Mynd 13


VOD-MJ-856 PP/GHV  
 85.05.0643 T  
 VATNSFELLSVIKJUN  
 FRÆRENNSLISSKURÐUR  
 Jarðlagasnið B-B'




- SKÝRINGAR
- Aðallega foksandur
  - Líklegast jökul- eða móberg
  - c Cobrahola
  - b Borhola
  - Borholusnið
  - Tengilína lagmóta
  - Áætlaður skurðbotn

Mynd 14

VOD-MJ-856 PP/GHV  
85.05.0645 T  
VATNSFELLSVIRKJUN  
FRÆRENNSLISSKURÐUR  
Jarðlagasnið C-C til J-J




 VOD-MJ-860 PP  
 85.03.0378/04 T  
 VATNSFELLSVIRKJUN  
 HITAMÆLINGAR I BORHOLUM



### 2.2.5 Frárennslisskurður

Á svæði frárennslisskurðar var boruð kjarnaholan VK-20 og er hún um 3-400 m ofar á skurðleiðinni en VK-8, sjá staðsetningu á mynd 7. Kjarnaheimta er heldur minni en í VK-8, en af kjarnanum má ráða að jarðlög og þykktir þeirra eru mjög svipuð í þessum holum. Efst er laus sandur, síðan rúmlega 4 m þykkt jökulberg og þar undir ríflega 4 m þykk túff/túffbreksía. Neðst er bólstrabreksía sem tilheyrir Sigöldumyndun. Munurinn á VK-20 og VK-8 er að laus jarðlög eru þykkari í VK-20 (um 7 m sandur) og föstu jarðlögin liggja um 10 m neðar en í VK-8.

Laus jarðlög voru athuguð nánar á svæði frárennslisskurðar með sýnatöku í holum VS-1 og VS-2 og cobraborun VC-200 til VC-240. Með upplýsingum úr gömlum og nýjum cobraholum var teiknað jafnhæðarlínukort á "fast" á leið frárennslisskurðar, sjá myndir 11 og 12. Einnig var teiknað langsnið um frárennslisskurð, sem sýnir dýpi á "fast", og átta sambærileg þversnið, sjá myndir 13 og 14. Útbreiðsla og þykkt lausra jarðlaga í sandlægðinni neðan stöðvarhúss er allvel þekkt, aðallega samkvæmt cobraborunum. Virðist núverandi tilhögun á skurðleið falla allvel að norðvestur bakkanum, sem tilheyrir Sigöldumyndun, þótt ef-laust þurfi að fjarlægja einstaka fastari tungulaga höft undir núverandi yfirborði.

Sýnin úr VS-1 og VS-2 voru send til Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og voru berggreind og sigtuð. Í viðauka 4 eru niðurstöður þeirra rannsókna. Þar kemur fram að yfirgnæfandi í sýnunum er gler-sandur og gjallkorn, að mestu vindborin. Möl og silt er hverfandi, en meginuppistaða lausa setsins er fremur einkorna sandur. Það er því augljóst, að suðausturbakki skurðarins er viðkvæmur fyrir vatnsrofi og þarfnast grjótvagnar í einhverjum mæli. Það ræðst þó af því, að hve miklu leyti hægt verður að grafa hann niður í berggrunninn, sbr. myndir 12 til 14.


### 2.2.6 Skil Sigöldu- og Lænufellssmyndana


Einn stærsti óvissupátturinn í jarðlagasniði lágu í myndanaskilunum í Vatnsfellsskurði þar sem aðalstíflan mun óhjákvæmilega liggja yfir miðað við núverandi tilhögun. Því var ráðist í að grafa meiriháttar gryfju á myndanaskilunum og kjarnaholunni VK-23 valinn staður m.t.t.

upplýsinga sem fengust með gryfjugerðinni, sjá myndir 15 og 16. Grafið var þvert í gegnum bólstraberg Sigöldumyndunar þar sem það liggur á Lænufellsmýndun. Halli á neðra borði Sigöldumyndunar mældist um 45 gráður og var kjarnaholunni valinn staður í hæfilegri fjarlægð þannig að hún skæri báðar myndanir.

Það kemur vel fram í holunni og gryfjunni, að Sigöldubólstrabergið liggur á þykku jökulruðningslagi, sem hvílir á Lænufellstúffinu, sjá mynd 16. Kjarnaheimtan í jökulruðningnum var óveruleg og mörkin ruðningur og túff verður því að taka með fyrirvara. Í gryfjunni eru mörkin milli lausa og hálfharðnaða jökulruðningsins óljós, en Sigöldubólstrabergið skilur þar á milli hjá VK-23. Efst í gryfjunni við mælipunkt 19 kemur Lænufellstúffið fram og voru óviss mörk jökulruðnings og túffs tengd við borholu VK-23 í ljósi þess.

Segja má að gryfjugerðin og kjarnaholan hafi skilað tilætluðum árangri, þótt framangreindir óvissupættir hafi komið fram vegna lélegrar kjarnaheimtu. Veigamesta breytingin frá því sem áður hafði verið áætlað um legu og gerð jarðlaga á þessum slóðum, er að það sem kallað var setmóberg eða jökulberg, er hálf- og ósamliðdur jökulruðningur og þykkt þessa lags meiri en hafði verið áætlað.





### 3 EIGINLEIKAR JARÐLAGA

#### 3.1 Jarðlög og berggerðir

Jarðlög á svæði Vatnsfellsvirkjunar skiptast í tvær megingerðir: Laus jarðlög (setlög), nokkuð fjölbreytileg að gerð og uppruna. Foksandur og gjóska eru ríkjandi, þá jökulruðningur og veðrað yfirborð móbergsins, en möl og hnullungamöl er til staðar í Vatnsfellsskurðinum vegna vatnsrofs í veitufarveginum. Jarðlög, sem eru lítt til vel samlímd, eru breytileg varðandi gerð og eiginleika. Þau eru ýmist tilflutt af jökli, veðrað skriðuefni eða orðin til við gos undir jökli í samspili við vatn. Þau síðarnefndu skiptast í tvo meginflokk;

Setmóberg, ýmist skammflutt og fremur lítið núin mylsna úr fínni fösum móbergsmyndananna sem ísaldarjökullinn hefur fært um set og makað utan á móbergið eða veðrað móberg sem hefur skriðið niður hlíðarnar og safnast saman í mestum mæli í rótum móbergsaldanna, sbr. stöðvarhússtæði. Því hefur setmóbergið víða svipaða samsetningu og eiginleika og fínustu fasar gosmóbergsins (túff og breksía). Þó er lagskipting áberandi meiri og finnast ósamlímd einkorna sand-, malar- og hnullungalög í því, sem geta verið mjög vel vatnsleiðandi. Jafnframt er samlíming oft lítil einkum í efri hluta þessarar jarðlagagerðar, en samlíming vex yfirleitt með auknu dýpi.

Gosmóberg, sem skipt er í þrennt eftir gerð og eiginleikum:

a) Túff/túffbreksía að meginhluta basískt gler með kornastærðirnar sandur til fínmöl. Samlíming þessa fasa er afar breytileg. Hún er mikil ef glerið er brúnað (palagónítiserað) og lítil þegar glerið er kolsvart og ferskt.

b) Bólstrabreksía er samsett úr stöku bólstrum en þó einkum úr bólstrabrotum (5 til 10 cm), með millimassa úr túffi og túffbreksíu. Samlíming breksíunnar er lítil enda yfirleitt fersk eða lítið ummynduð.

c) Bólstraberg er samsett úr samfelldum bólstrum með óreglulegu kubbabergsívafi á stöku stað. Bólstrarnir eru mjög smástuðlaðir inn að miðju og hornrétt á yfirborð (geislustuðlun). Snertifletir (yfirborð) bólstranna er glerríkt og því eru þeir mjög lausbundnir. Kubba-berg sívafið einkennist af reglulegri smástuðlun, sem nær í gegnum allt

kubbabergið, hornrétt á snertiflöt þess við aðlaga fasa. Kubbabergið er því yfirleitt mun heillegra en bólstrabergið og því fastbundnara, en útbreiðslan er gjarnan mjög staðbundin og óregluleg.

### 3.2 Eiginleikar og vinnsluhæfni

Til grundvallar mati á eiginleikum og vinnsluhæfni er aðallega stuðst við boranir svo og gryfjugerð, sem framkvæmd var á svæðinu með aflmiklum graftartólum, ásamt reynslu frá sambærilegum svæðum. Þar sem dýrasta og jafnframt vandasamasta vinnslan verður einkum í "föstum" eða hálfstöfum jarðlögum, er greining borkjarnans algjört grundvallaratriði. Til túlkunar á eiginleikum og vinnsluhæfni jarðlagagerðanna vega þyngst mælingar á kjarnaheimtu og heilleika bergsins. Gryfjugerð og vinnsluprófanir með jarðýtum og gröfum gáfu jafnframt mikilsverðar upplýsingar um þessa þætti, sérstaklega mikilvægar varðandi gósmóbergið.

Þar sem töluverður munur er á skipan, gerð og eiginleikum jarðlaga á hinum mismunandi mannvirkjasvæðum Vatnsfellsvirkjunar er eðlilegast að gera grein fyrir hverju svæði fyrir sig.

**Stöðvarhússtaði og pípuleið.** Samkvæmt verkhönnunarskýrslu Vatnsfellsvirkjunar frá júní 1984, ná lægstu hlutar stöðvarhússmannvirkjana á um 480 m y.s., en meðallandhæð er í kringum 520 m y.s. Að undanskildum lausum jarðlögum eru berggerðir sem fjarlægja þarf, setmóberg og túff/túffbreksía. Stöðvarhús verður að mestu grundað á túff/túffbreksíu og þrýstipípur líklega að öllu leyti.

TAFLA 4 Heilleiki (RQD10) á stöðvarhússtæði og pípuleið

BERGGERÐ	VK-17 (Þykkt m) m y.s. RQD%	VK-18	VK-19	ALLS m	VEGIÐ MEÐALT. RQD
Setmóberg	(23,5)* 504,2-480,7 20%	(7,5) 506,6-499,1 40%	(16,7) 523,1-506,4 90%	47,7	50%
Túff/túffbr.	(16,5) 480,7-464,2 90%	(34,2) 499,1-464,9 80%	(19,5) 506,4-486,9 90%	70,2	85%
Túff/túffbr.			(16,1)** 486,9-470,8 10%	16,1	10%

\* Vegna lítillar samlímingar setmóbergsins í VK-17 niður í kóta 487 er kjarnaheimta óveruleg og RQD er 0 en neðan umrædds kóta er kjarnaheimta 95% og RQD 55%.

\*\* Að viðbættum neðri hluta túff/túffbreksíunnar í VK-19 lækkar vegið meðaltal RQD niður undir 70%, en sá hluti er neðan áætlaðra mannvirkja, sjá mynd 9.

Tafla 4 sýnir heilleika (RQD10) bergsins á og í næsta nágrenni stöðvarhússtæðis skv. kjarna úr borholunum VK-17, 18 og 19. Vegið RQD10 er að meðaltali um 50% í setmóberginu (um 70% að undanskildum efri hlutanum í VK-17, sbr athugasemd\*), en töluvert herra í túff/túffbreksíunni eða um 85%. Meðalkjarnaheimta berggerðanna er mismunandi. Kjarnaheimta í setmóberginu er á milli 85 og 95% þar sem samlíming þess er góð en miklu lægri þar sem samlímingin er lítil, en það gildir gjarnan um efri hluta slíkra jarlaga, sbr. VK-17. Aftur á móti er kjarnaheimtan áberandi hærri og jafnari í túff/túffbreksíunni eða á milli 90 og 100%. Svipaða sögu er að segja um heilleikann.

Eiginleikar setmóbergsins eru breytilegri en túff/túffbreksíunnar. Efstu metrar setmóbergsins eru verr samlímdir og meira sprungnir, en

úr því dregur með auknu dýpi. Varðandi VK-17 er þó ástæða til að skipta setmóberginu í tvennt vegna mikillar þykktar og breytilegrar samlímingar. Á mynd 9 er þeirri skiptingu komið á framfæri með skiptilínu og viðeigandi athugasemdum. Ofan línu er samlíming lítil, sem ætti að þýða að efnið sé graftarhæft. Neðan línu er samlíming góð. Skil þessi eru í kringum 487 m y.s. og því mjög nálægt mannvirkjaundirstöðum á þessum slóðum.

Gæði þessara tveggja berggerða eru að hluta til sambærileg, en túff/túffbreksían kemur þó mun betur út í heildina séð. Berggerðir þessar hafa styrkleika setbergs og því hagkvæmast að sprengja þær, að undanskildum efri hluta setbergsins einkum í VK-17, sbr. fyrri athugasemdir og mynd 9. Hér er um tiltölulega þétt berg að ræða, en gera má ráð fyrir staðbundnum svæðum í túff/túffbreksíunni, sem eru minna samlímd. Einkum má búast við einkorna, ósamlímdum malar- eða sandlögum í setmóberginu. Slík lög eru mjög vel vatnsleiðandi, en sprungulekt einkennir yfirleitt þessar berggerðir. Æskilegt er að stöðvarhússgrunnurinn verði allur í túff/túffbreksíunni.

**Aðrennslisskurður og lokuvirki.** Áætlaður botnkóti aðrennslisskurðar og lokuvirkis er 548 - 550 m y.s., en grjótgildra við inntak nær lægst eða niður í 541 m y.s. Landhæð er mjög breytileg, mest um 573 m y.s. Aðalberggerðin sem fjarlægja þarf er túff/túffbreksía að undanskildu grjótgildrusvæðinu við inntak, sem nær líklegast niður í efsta hluta bólstrabreksíunnar.

Í skýrslunni OS-84010/VOD-05 segir skv. borholusniðum VK-1, 3 og 13; "Við inntak er heilleiki bergsins (RQD) hæstur en fer niður í 0% tæpum 200 m austar. Sömu sögu er að segja um kjarnaheimtuna. Eiginleikar aðalberggerðarinnar taka því mjög miklum breytingum á þessum slóðum. Þannig hverfur brúnaða, vel samlímða túff/túffbreksían en við tekur svört (óbrúnuð) túff/túffbreksía, sem er lítt samlímd. Samkvæmt borholum enn austar virðast þessir eiginleikar ráðandi á öllu austanverðu svæðinu".

Varðandi þær tvær holur sem nú bætast við, önnur í lokuvirki (VK-16) og hin skammt frá í fyrirhuguðum aðrennslisskurði (VK-21) þá gildir fyrirnefnd umsögn, sjá mynd 9 og viðauka 3. Óbrúnuð túff/túffbreksía er til staðar í báðum tilvikum á mannvirkjabilinu. Meðalkjarnaheimtan er afar lág eða innan við 5% og RQD er 0%. Í VK-21 vex meðalkjarnaheimta neðan við botnkóta skurðar og er innan við 20% neðan 543,4 m y.s. Sömu tilhneigingar gætir í VK-16, en neðan 526 m

y.s. fer meðalkjarnaheimta upp fyrir 10% en þar er farið að gæta bólstrabreksíu. Í öllum tilvikum er RQD 0%.

Við gröft á aðrennslisskurði og lokuvirki ætti ekki að þurfa að sprengja nema við inntak þar sem brúnaða túff/túffbreksían er til staðar. Í nágrenni hæsta hluta öldunnar eru þunnar æðar eða óregluglegir berggangar, smástuðlaðir og kubbabergslegir í túff/túffbreksíunni. Við tilraunagröft á þessum slóðum reyndist stæðni lóðréttra veggja góð. Þess má jafnframt geta hér, að lekt þessarar óbrúnaðu eða lítt ummynduðu túff/túffbreksíu er yfirleitt lítil eða kringum 5 LU, sjá viðauka 3 og skýrsluna OS-84010/VOD-05 B.

Sá hluti aðrennslisskurðar, sem verður á lónstæðinu (skurðendi), verður að töluverðu leyti í lausum yfirborðslögum, sjá nánar kafla 2.1. Næst yfirfalli verður túff/túffbreksía ríkjandi en hún fjarar út er nær dregur skurðenda. Á miðhluta stærri hliðarstíflu er túff/túffbreksían brúnað og samlímd og því líkast til einnig á þessu svæði aðrennslisskurðar, sjá nánar "Yfirfall og hliðarstíflur" hér á eftir.

**Aðalstífla og botnrás.** Áætluð hæð stíflukrónu er 566 m y.s. og lónhæð 563,5 m y.s. Lægsti botnkóti í farvegi Vatnsfellsskurðar er um 537 m y.s. og verður stíflan því hæst um 30 m.

Á stíflustæði aðalstíflu eru jarðlög fjölbreytt. Lausu jarðlögin eru foksands- og gjóskupykkildi ásamt möl, hnullungamöl og jökulruðningi. Allar gerðir gosmóbergsins eru hér fyrir hendi. Ríkjandi er lítið brúnað eða óbrúnað túff/túffbreksía. Lægstu hlutar stíflunnar og botnrásin verða grunduð á bólstrabreksíu og bólstrabergi, nánar tiltekið í farvegi Vatnsfellsskurðar og í lögðinni nyrst á stíflustæðinu. Skil Sigöldu- og Lænufellsmýndana eru ennfremur í nágrenni suðurbakka Vatnsfellsskurðar, sjá myndir 9 og 16.

Þær tvær holur sem nú bætast við gefa ágæta mynd af jarðlagaskipan á stíflustæðinu bæði í Sigöldumyndun og Lænufellsmýndun.



TAFLA 5 Heilleiki (RQD10) og kjarnaheimta á aðalstíflustæði

BERGGERÐ	VK-22 (Þykkt m) m y.s. RQD%/Kjarnah.%	VK-23	GOSMYNDUN
Túff/túffbr.	(5,2) 555,8-550,6 10/30		Sigöldumyndun (SM)
Túff/túffbr.	(11,9) 550,6-538,7 0/0		SM
Bólstrabr.	(12,1) 538,7-526,6 0/5		SM
Bólstra- og kubbaberg	(3,2) 526,6-523,4 10/95	(13,9) 534,9-521,0 5/30	SM
Jökulruðn./ setmób.		(30) 521-491 0/5	
Túff/túffbr.		(11,0) 491-480 45/55	Lænufellsmyndun (LM)
Bólstrabreksía		(7,2) 480-472,8 0/10	LM

Eins og fram kemur í töflunni er heilleiki og kjarnaheimta afar breytileg enda um sex mismunandi jarðlagagerðir að ræða í tveimur myndunum (Sigöldu- og Lænufellsmyndun) að undanskildum lausum yfirborðslögum.

Túff/túffbreksían í VK-22 (Sigöldumyndun) sýnir mismunandi eiginleika.

Í efsta hlutanum er ummyndun fyrir hendi en á engan hátt sambærileg við þá ummyndun sem er til staðar á svæðinu frá inntaki og að stöðvarhússtæði.

Heilleikinn (RQD10) í ofangreindum jarðlögum er almennt afar lágur (0 - 10%) nema í túff/túffbreksíu Lænufellsmýndunar þar sem hann nálgast 50%, enda þar á töluverðu dýpi en ummyndun er fremur lítil. Svipaða sögu er að segja um kjarnaheimtuna. Hún er lág (0 - 10%) nema í efsta hluta túff/túffbreksíunnar í VK-22 (Sigöldumýndun) og sömu berggerð í Lænufellsmýndun (VK-23) eða 30 og 55%. Í bólstra- og kubbabergi Sigöldumýndunar er hún sambærileg en óvenju há í VK-22 en þar er kubbaberg og innskotsberg (rosetta) greinilega til staðar.

Stíflugrunnur (kjarnaskurður) ætti allur að vera graftarhæfur og ekki er að vænta neinna vinnsluferfiðleika í tengslum við myndanaskilin. Falskt grunnvatn sem er í farvegi Vatnsfellsskurðar er auðvelt að losna við niður í bólstraberg Sigöldumýndunar.

Vatnsleiðni aðalberggerðanna er fremur lítil og því takmarkandi varðandi væntanlegan leka. Á hinn bóginn er bólstrabergið mjög vel vatnsleiðandi en útbreiðsla þess í jarðlagasniðinu á mynd 9 er mjög vel þekkt. Klæðning með jökulruðningi á þá staði þar sem vænta má einhvers leka, virðist vænlegasti kosturinn varðandi þéttun lónbotns. Bergþétting á stíflugrunni gæti reynst óþörf, ef vel tekst til við að stoppa í náttúrulega þéttiteppið sem er að töluverðu leyti fyrir hendi á lónstæðinu.

**Yfirfall og hliðarstíflur.** Yfirfall er fyrirhugað á efsta hluta öldunnar sunnan við aðrennslisskurð og lokuvirki, sjá mynd 2. Landhæð nær mest um 573 m y.s., yfirfall er áætlað 563,5 m y.s. og lengd þess tæpir 200 m.

Borholusnið VK-21 og gryfja VH-1 á mynd 10 sýna jarðlag þessa svæðis. Laust yfirborðslag er afar þunnt eða ekki til staðar. Óbrúnað túff/túffbreksía er aðalberggerðin en þunnar basaltæðar eða óreglulegir berggangar, smástuðlaðir og kubbabergslegir, eru einnig fyrir hendi, sjá nánar umsögn um aðrennslisskurð og lokuvirki.

Grjótvörn og/eða steypuklæðning er nauðsynleg í kringum yfirfalls-  
mannvirki til að fyrirbyggja undangróft vegna rennslis á yfirfalli.

Fyrirhugaðar eru tvær hliðarstíflur, sjá tilhögun mannvirkja á mynd 2. Sú stærri sem verður um 250 m löng og allt að 10 m há og er um 100 m sunnan við austasta hluta aðrennslisskurðar. Að undanskildu um 2ja m þykku lausu yfirborðslagi þar sem stíflan er hæst tekur við um 10 m þykk "kápa" af samlímdu og brúnuðu túffi/túffbreksíu, en þar undir er samlíming óveruleg. Meðalkjarnaheimta brúnaða hlutans er um 50% og samsvarandi RQD10 rétt innan við 10%. Undir "kápunni" neðan 544 m y.s. fellur meðalkjarnaheimtan niður í 10% og RQD10 í 0%. Útbreiðsla þessarar samlímdu "kápu" er ekki þekkt í smáatriðum, en er líklegast til staðar á mest öllu stíflustæðinu nema allra syðsta hlutanum þar sem jarðlag og eiginleikar sverja sig í ætt við það sem er í nágrenni lokuvirkis og aðrennslisskurðar.

Hin hliðarstíflan er bæði lág og stutt (mest um 5 m há og 40 til 50 m löng). Þar er jarðlag mjög sambærilegt og við stærri hliðarstífluna, sjá nánar bls. 26 og 27 í OS-84010/VOD-05 B.

**Frárennslisskurður.** Áætlaður botnkóti skurðar er á bilinu 491,5 til 490,2 m y.s. og er landhæð víðast um 510 m y.s. Algengt dýpi skurðar verður því um 20 m. Vatnshæð í skurði er áætluð 496 til 497 m y.s. og straumhraði á bilinu 1,3 til 1,9 m/s.

Gert er ráð fyrir að nánast allur austurhluti skurðar fylgi bólstra-bergshrygg þeim sem tilheyrir Sigöldumyndun, sjá myndir 2 og 3. Hryggur þessi myndar þá norðvesturbakka skurðar á um 1300 m kafla en heildarlengd hans er áætluð um 2200 m. Laus jarðlög, að meginuppistöðu sandur, eru ríkjandi á austurhluta skurðleiðar, sjá myndir 11-14. Skurðbotn verður neðan sandfyllunnar, þó ekki sé hægt að útiloka að einstaka staðbundnir sandfylltir pyttir liggi dýpra, sérstaklega á kaflanum frá stöðvarhússtæði að sýnatökuholunni VS-2 eða á fyrsta fjórðungi skurðleiðar. Að öðru leyti ætti vatnsvegur skurðar að liggja í hálf- eða vel samlímdu seti og/eða gosmóbergi. Skammt innan við miðhluta skurðleiðar þynnist sandlagið verulega og "berggrunnur" hækkar og ræður ríkjum á skurðleiðinni niður að Krókslóni, sjá myndir 12 og 13.

Aðeins tvær holur hafa verið boraðar í berggrunn á skurðleið á svæðinu fyrir ofan svonefnt Haft IV, en tæpir 400 m eru á milli holanna. Eftirfarandi tafla gefur þó ágæta hugmynd um jarðlag og eiginleika á neðri helming skurðleiðar.

TAFLA 6 Heilleiki (RQD10) og kjarnaheimta í "berggrunnshluta" frárennslisskurðar

BERGGERÐ	VK-8 (Þykkt m) m y.s. RQD% / kjarnah. %	VK-20	ALLS m
Setmóberg	(3,6) 511,4-507,8 0 / 11	(4,3) 501,9-497,6 0 / 12	7,9
Túff/túffbr.	(3,6) 507,8-504,2 60 / 72	(4,3) 497,6-493,3 0 / 7	7,9
Bólstrabr./ bólstraberg	(10,7) 504,2- 493,5 0 / 25	(7,5) 493,3-485,8 0 / 22	18,2

Að undanskildum lausum yfirborðslögum, sem eru að meginuppistöðu sandur en jafnframt veðraði hluti móbergsins og jökulruðningur, eru aðallega þrjár meginberggerðir til staðar, sbr. töflu 6. Setmóberg, sem er lítt- til hálsamlímt enda kjarnaheimta lítil og heilleiki í samræmi við það. Vegna breytilegrar samlímingar frá einum stað til annars er skilgreining þessarar jarðlagagerðar oft erfiðleikum háð yfir stór svæði. Túff/túffbreksían hefur mjög breytilega eiginleika enda oft óljóst hvort hún er "velkt" (hreyfð) eða "in situ" og þá hvort hún tilheyrir fremur svonefndu setmóbergi eða túff/túffbreksíunni, sbr. skilgreiningu í kafla 3.1 um jarðlög og berggerðir. Hátt gildi RQD og góð kjarnaheimta í VK-8 er líklegast mjög staðbundið fyrirbæri og gera verður ráð fyrir að þessi berggerð hafi fremur þá eiginleika sem fram koma í VK-20 eða sambærilega og eru til staðar á svæði aðrennslisskurðar og aðalstíflu. Rétt er að ítreka það hér, að haftið sem sprengt var haustið 1983 og staðið hafði af sér ellefu ára rennsli í Vatnsfellveitu hefur þessi háu gildi.

Bólstrabeksía verður ríkjandi a.m.k. í kringum haftið sem sprengt var og líklega að einhverju leyti bólstraberg. Eins og við mátti búast er RQD í lágmarki en kjarnaheimta nokkur.

Í heildina séð er meginhluti skurðleiðar auðgræfur, en gera verður ráð fyrir staðbundnum svæðum í berghluta skurðar, sem geta verið torgræf eða þarf að losa með sprengingum. Álitlegt virðist að nýta veituvatnið til vatnsgrafter og skolunar á efni úr frárennslisskurði áður en til útboðs kemur.

## 4 GRUNNVATNSMÆLINGAR

### 4.1 Almennt

Um leið og rannsóknarstörf á svæði Vatnsfellsvirkjunar hófust var hafist handa við grunnvatnsmælingar í tiltækum borholum. Grunnvatnshæð var mæld reglulega fram í október, oft og tíðum daglega eða annan hvern dag. Nýjum holum var bætt inn í mældagskrána jafnóðum og þær voru tilbúnar eftir borun. Einnig var mæld reglulega en sjaldnar grunnvatnsstaðan í fjarlægari holum (VF-, O- og E-holum), sjá mynd 17. Þessar mælingar voru mun ýtarlegri en áður og gefa því mun betri heildarmynd af hegðun grunnvatnsins á svæðinu. Á sama hátt var grunnvatnshiti mældur í borholunum, sjá nánar viðauka 6 og 7. Landsvirkjun annast nú mælingar mánaðarlega í völdum holum. Grunnvatnshiti var jafnframt mældur í borholunum. Oftast var mælt í VK-holum boruðum 1983, en sjaldnar í öðrum holum.

### 4.2 Grunnvatnshæð


Í VK-1 til VK-15 var mæld grunnvatnshæð í tæpa tvo mánuði áður en vatni var hleypt á Vatnsfellsveitu, sjá mynd 18. Þessar mælingar veita m.a. upplýsingar um áhrif Þórisvatns og Krókslóns á grunnvatnsstöðuna, en grunnvatnsbreytingar í VK-holum voru innan við 1 m á tímabilinu. Vatnsborð Þórisvatns hækkaði jafnt og þétt á tímabilinu júní og júlí, en vatnsborð í Krókslóni var óreglulegt og lækkaði mjög hratt frá 26. júní til 14. júlí eða um 8 m, sjá mynd 18. Í VK-3, sem er dæmigerð hola í Lænufellsmýndun, hækkaði grunnvatnsborð frá 7. júní til 6. júlí um 0,6 m, en fór síðan örlítið lakkandi eða stóð í stað þar til hleypt var á veituna. Þessa lakkun má líklega rekja til bakvatnsáhrifa frá Krókslóni, sem koma fram um 10 dögum síðar í holunni. Líklegt er að Haft IV, sem heldur uppi hárrí grunnvatnsstöðu í sandlögðinni neðan stöðvarhússtaðisins, dragi verulega úr áhrifunum vegna breytinga á vatnsborði í Krókslóni.

Þegar byrjað var að hleypa vatni á Vatnsfellsveitu kom fram svörun í allflestum VK-holum, mismikil þó. Það kemur vel fram á mynd 18, að svörunin (hækkun og lakkun) er meiri í holum sem staðsettar eru í Sigöldumýndun eða á myndanaskilunum en þeim sem eru í Lænufellsmýndun. Þetta bendir ótvírætt til meiri vatnsleiðni í jarðlögum Sigöldumýndunar en Lænufellsmýndunar og jafnframt opnari vatnsleiðara.

VOD-MJ-860. PP  
85.01. 0005 SyJ

# VATNSFELLSVIRKJUN


Staðsetning kjarnahola við sunnanvert Þórisvatn



Krókslón

Mynd 17

15 V00-MJ-860-PP  
04.12-1640-EK



VATNSFELLSVIRKJUN  
Grunnvatnshæð í nokkrum borholum  
við sunnanvert Þórisvatn 1984

Mynd 15



Hola VK-15 sker sig verulega úr hvað grunnvatnshegðun snertir þar sem grunnvatnssveiflan í henni var einungis um 0,2 m á tímabilinu 7. júní til 5. október. Einnig er athyglisvert, að grunnvatnsstaðan er um 3 m lægri í VK-15 en í VK-20, sem er þó niðri við Haft IV, sjá mynd 7. Hola VK-15 er því einangruð frá grunnvatnsgeymi svæðisins og óháð;

- a) vatnsborðssveiflum í Krókslóni
- b) vatnsborðshækkun í Þórisvatni
- c) vatni í Vatnsfellsveitu
- d) grunnvatnsborði í sandlægð, sem haft IV heldur uppi.

Grunnvatnsborð í fjarlægari holum sem mælt var í VF-,0- og P-holum stjórnast af vatnsborðshækkun í Þórisvatni og lekaleiðum úr því, sjá mynd 17. Á mynd 18 sést að vatnsborð hækkar ört í 03 og 020 í Snoðnu-fit enda eru þessar holur í nágrenni yfirborðslekaleiðar. Grunnvatnshæð í VF-holum -2, -3, -10, -7 og -18 svarar hækkun vatnsborðs Þórisvatns í samræmi við fjarlægð holanna frá vatninu. Grunnvatnshækkunin í VF-2 var um 7,4 m en um 1 m í VF-18, sjá mynd 17. Á mynd 19 kemur vel fram að grunnvatnsborðið er mjög hallalíftið strax í um 0,5 km fjarlægð frá vatnsbakka Þórisvatns suður af Flekavík. Milli holu VF-14 og vatnsbakkans vantar upplýsingar, en munur á hæð grunnvatns og vatnsborðs Þórisvatns er meira en 30 m á um 250 m kafla.

Grunnvatn í holum við lokuvirki Vatnsfellsskurðar hegðar sér á margan hátt ólíkt því sem búast mátti við. Í P-31 var nánast engin breyting á stöðu grunnvatns eða 0,2 m munur á hæstu og lægstu stöðu, sem var sambærilegt og í VK-15. Í P-30 og 0-2 stóð grunnvatn um 7 til 10 m hærra en í P-31, þótt þær séu aðeins í nokkurra tuga metra fjarlægð. Grunnvatn í þessum tveimur holum fylgir ekki vatnsborðshækkun Þórisvatns heldur lækkaði í P-30 og var óreglulegt í 0-2 þar til um mánaðamótin ágúst og september, en þá varð grunnvatnshæðin sú sama, sbr. mynd 18. Í þessu endurspeglast ákveðnar lekaleiðir úr Þórisvatni.

Við Krókslón er holan E-5 sjá mynd 17. Grunnvatn stendur mun lægra í henni en vatnsyfirborð lónsins eða 15-20 m. Mjög góð svörun er í grunnvatnsborði í E-5 og vatnshæð Krókslóns.


